

2
11. jan.

KONUNGSBRÉF

um

setning Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hér með veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar mánudaginn 15. febrúar 1932.

Gjört á Christiansborg, 11. janúar 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

3
18. jan.

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands og Brasilíu um gagnkvæm beztu kjör að því er snertir inn- og útflutningstolla.

Þann 30. nóv. f. á. var í Rio de Janeiro undirritað samkomulag milli Íslands og Brasilíu þar sem það er ákveðið, að vörur hvers landsins um sig skulu sæta beztu kjörum við innflutning til hins landsins, að því er snertir innflutningstolla og önnur atriði í sambandi við innflutninginn. Tilsvarandi ákvæði er og sett um útflutningstolla.

Samkomulag þetta gildir þar til endanlegur verzlunarsamningur kann að verða gerður milli landanna, eða þar til því hefir verið sagt upp af öðrum hvorum samningsaðilanum með 6 mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 18. janúar 1932.

Tryggvi Þórhallsson.